FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Jafnrétti, persóna og virðing
Námsgrein:	starfsnám
Viðfangsefni:	Jafnrétti á vinnustað
Skammstöfun:	STAR1JV02
Þrep:	1
Einingafjöldi:	2
Lýsing:	Nemendur kynnast því hvað einkennir góðan vinnustað og hvernig einstaklingar geta stuðlað að góðri vinnustaðamenningu. Fjallað verður um hvernig jafnrétti allra skiptir máli við að skapa góðan vinnuanda.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • mikilvægi góðra samskipta • jafnrétti kynjanna og stöðu þeirra í atvinnulífinu • rétti fólks með fötlun og skerta starfsgetu og stöðu þeirra í atvinnulífinu • eigin styrkleikum og áhugasviði þegar að starfsvali kemur.
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • eiga samskipti við ólíka einstaklinga • fylgja samskiptareglum á vinnustað • eiga í jákvæðum samskiptum á vinnustað.
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • eiga góð samskipti á vinnustöðum og virða mismunandi skoðanir • tilheyra starfsmannahópi • nýta sér eigin styrkleika og áhuga varðandi störf og atvinnuþátttöku • hafa trú á eigin færni og sjálfstraust til þess að takast á við ný verkefni.
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.